

Félag landnema á Fellsmörk

Gróðursetningardagurinn 2012 verður laugardaginn 30. júní n.k. Þá verður hin árlega sameiginlega gróðursetning landnema.

Mæting við Fell innarlega að austan, þar sem við höfum gróðursett undanfarin ár kl. 13.00 – stundvíslega.

Fyrirhugað er að gróðursetja um 3.000 plöntur frá Landgræðsluskógum í sameiginleg svæði á gróðursetningardaginn og deila út um 7.000 plöntum á landnemaspildur þegar sameiginlegri gróðursetningu lýkur.

Áður en verk hefst verður farið yfir það sem gera á – því er mikilvægt að þátttakendur mæti stundvíslega.

Mælst er til þess að plöntuskammtar séu teknir þennan dag. Plönturnar verða staðsettar í Keldudal í landi Helgu og Auðuns, eftir 15. Júlí verður öllum frjálst að taka ósóttar plöntur.

Eftir gróðursetningu er fyrirhugað að grilla saman við Dönskutó, hús Júlíu og Hjalta, þar sem Hjalti mun kynda upp í kolunum. Hafið með ykkur mat og drykk og annað sem þarf til mannfagnaðar og grillveislu af þessu tagi (grill + pappadiskar + mál + hnífapör).

Gaman væri ef einhver hefur tók á að taka með hjóðfæri til undirleiks við fjöldasöng ef sá gállin verður á fólki.

Landnemar eru minntir á að skila tómum plöntubökkum í gömlu hlöðuna á Felli. Áhöldum, sem fengin hafa verið að láni hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, þarf að skila strax eftir sameiginlega gróðursetningu þ. 30. júní í gömlu hlöðuna að Felli.

Hittumst heil á Fellsmörk – Skógarkveðjur!

Undirbúningshópurinn

Júlía Andersen
sími 553 6753
gsm 856-0303
julia@ask.is

Þorvaldur Ólafsson
sími 553 6114
farsími 863 8748
thorvo@ismennt.is

Valdimar Reynisson
Sími 437 1910
farsími 847-8324
valdi@skogur.is